



Reglur um Akstursíþróttamenn ársins

Í lok hvers keppnistímabils er útnefndur Akstursíþróttamaður og Akstursíþróttakona ársins.

Verðlaunin eru veitt einstakling sem talinn er hafa skarað framúr á einhverju sviði akstursíþróttanna. Þar er ekki endilega um að ræða þann sem náð hefur bestum árangri í einstökum keppnum eða meistarakeppni, heldur þann einstakling sem sýnt hefur frábæran árangur eða almennt verið til fyrirmyndar.

Útnefning:

1. Keppnisráð í hverri grein útnefna einn karl og eina konu fjórum vikum fyrir Formannafund AKÍS.
2. Opnað verður fyrir almenna netkosningu þar sem allir landsmenn geta greitt atkvæði einu sinni. Kosið er um þá keppendur sem keppnisráð útnefndi. Netkosningu lýkur tveimur vikum fyrir Formannafund AKÍS og tveir komast áfram af hvoru kyni.
3. Stjórn AKÍS getur bætt við einum af hvoru kyni og tekur ákvörðun um þrjá karla og þrjár konur einni viku fyrir Formannafund AKÍS.
4. Formannafundur AKÍS velur síðan Akstursíþróttakarlar og Akstursíþróttakonu ársins.

Úrslit skulu ekki birt fyrr en á verðlaunaafhendingu meistaratitla.